


Ísetning ígrædds blóðskilunarleggs

Ígræddur blóðskilunarleggur er lagður þegar ákveðið hefur verið að nota legg fyrir blóðskilun í langan tíma. Ytri hluti leggsins er tvískiptur og liggur utan á húð ofarlega á brjóstkassa. Þaðan liggur leggurinn undir húð og yfir viðbein upp að hálsi þar sem hann fer inn í holbláæð. Leggurinn fylgir svo bláæðum og endar í hjartanu. Í blóðskilun eru ytri endarnir tengdir við slöngur. Blóð er dregið út um aðra rásina og flæðir í gegnum blóðskilunarvél sem síar burtu efni sem líkaminn þarf að losna við. Blóðinu er svo skilað aftur til líkamans í gegnum hina rásina.



Ytri hluti blóðskilunarleggs

Undirbúningur fyrir aðgerð

Ekki er þörf á að mæta í innskriftarviðtal né gera sérstakar rannsóknir.

Blóðþynningarlyf

Þeir sem taka inn blóðþynningarlyfið hjartamagnýl (magnýl) eiga að halda því áfram fram að aðgerð. Hætta ber töku annarra blóðþynningarlyfja í samráði við skurðlækni.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te

- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu. Eins er ráðlagt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Sturta með sótthreinsandi sápu

Til að minnka hættu á sýkingu í skurðsári er nauðsynlegt að fara í sturtu bæði kvöldið fyrir aðgerð og að morgni aðgerðardags. Í bæði skiptin þarf að nota sérstaka sótthreinsandi sápu sem starfsmaður Landspítala veitir frekari upplýsingar um. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripa eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta með sótthreinsandi sápu

Áður en komið er á spítalann þarf að fara aftur í sturtu og nota sótthreinsandi sápu, eins og lýst er að ofan.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á tilsettum tíma að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð. Við komu á deild er settur æðaleggur og gefið sýklalyf fyrir aðgerðina. Þegar komið er á röntgenstofu ræðir læknir við sjúkling og svarar spurningum ef eitthvað er óljóst. Til að tryggja öryggi er oft spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar.

Aðgerðin tekur 45 mínútur og er gerð í staðdeyfingu. Um 1 cm skurður er gerður á brjóstakassa þar sem leggurinn kemur út um húðina, og annar rétt fyrir ofan viðbein. Skurðum er lokað með saumum og plástrum. Notast er við ómskoðun og gegnumlýsingu röntgengeisla við staðsetningu leggsins. Eftir aðgerð fer sjúklingur aftur á dagdeild A5 og dvelur þar í 1-2 klukkustundir fyrir útskrift.

<p>Eftir aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Verkjalyf eftir þörfum • Það má drekka og borða við komu á dagdeild A5 • Hafa þarf hátt undir höfði fyrstu klukkutímana eftir aðgerð • Fara má fram úr rúmi klukkutíma eftir aðgerð 	<p>Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útskriftarfræðslu • Endurkomutíma á skilunardeild ef sjúklingur útskrifast heim • Lyfseðil í Lyfjagátt fyrir verkjalyfjum ef þarf
--	---

Útskrift

Verkir

Gera má ráð fyrir einhverjum verkjum á skurðsvæði næstu daga. Fyrir þá sem útskrifast heim er mælt með að nota verkjalyfið parasetamól (Panodil) sem hægt er að kaupa án lyfseðils. Lyfseðill fyrir sterkari verkjalyfjum er sendur rafrænt í apótek ef þörf er talin á.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Skurðsár

Halda þarf umbúðum hreinum og þurrum. Plástur yfir skurði á hálsi má fjarlægja tveimur dögum eftir aðgerð. Starfsfólk skilunardeildar sér um að skipta á öðrum umbúðum. Sex til átta vikum eftir aðgerð er leggurinn gróinn fastur undir húðinni og þá eru saumar við útgangsup fjarlægðir.

Bað

Ekki má fara í sund, heita potta eða baðkar með ígræddan legg vegna hættu á sýkingu. Biða þarf með fyrstu sturtu þar til starfsfólk skilunardeildar hefur leiðbeint um hvernig hylja á legginn.

Hreyfing

Fyrstu vikuna þarf að hlífa öxl, brjóstkassa og handlegg þeim megin sem leggurinn er en óhætt er að nota handlegginn við daglegar athafnir. Gæta þarf þess að ekki komi tog á legginn, sérstaklega þegar farið er í og úr fötum.

Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis sýking í skurðsári, loftbrjóst og blæðing í skurðsvæði.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við skilunardeild eða bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti verður hærra en 38,5 °C
- Stöðugir verkir í skurðsári þrátt fyrir verkjalyf
- Brjóstverkir eða öndunartengdir verkir
- Andþyngli eða mæði
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði við skurðsár
- Blæðing frá endum blóðskilunarleggs. Ef svo er, þarf strax að skoða hvort tappar á endum hafi losnað eða klemmur opnast og þá lagfæra það til að stöðva blæðingu. Síðan þarf að hafa samband við skilunardeild eða bráðamóttöku til að ganga úr skugga um að leggur hafi ekki stíflast.

Símanúmer

Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 - 22 543 7570

Skilunardeild, opin virka daga frá klukkan 8 - 20
og um helgar frá klukkan 8 - 16 543 6315

Után ofangreindra opnunartíma má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 (opið allan sólarhringinn) og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á æðaskurðeild eða nýrnadeild.

Vinsamlegast athugið að sjúkrhúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrhússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

FEBRÚAR 2020

LSH-875

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR ÆÐASKURÐLÆKNINGA

OG DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR

SKURÐLÆKNINGA A5

HÖNNUN:

SAMSKIPTAÐEILD